

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra
Úthlutunarnefnd
Fundargerð

39. fundur úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra haldinn föstudaginn 5.12. 2025 kl. 9:00 á Teams.

Allir nefndarmenn voru mættir; Jóhann Albertsson formaður, Bjarni Gaukur Sigurðsson, Katharina Schneider, Hjörtur Smárason, Hugrún Sif og Þórhildur M. Jónsdóttir.

Einnig sátu fundinn starfsmenn SSNV þau Berglind Björnsdóttir og Guðlaugur Skúlason sem stýrði fundi.

Byrjað var á að spyrja nefndarfólk hvort það hafi farið aftur inn í matskerfi Rannís til að yfirfara umsóknir þar sem fram kom að rangur útreikningur var í meðaltali einkunna. Gefa þurfti smá tíma fyrir þessa uppfærslu.

Dagskrá:

1. Framlög til Uppbyggingarsjóðs á árinu 2026

Lagt fram til kynningar bréf frá stjórn SSNV þar sem fram kemur að framlag til úthlutunar í ár er eftirfarandi.

Til menningar- og samfélagsverkefna, 33.709.500 kr.

Til atvinnubrúnar og nýsköpunar, 33.709.500 kr.

Að auki eru til ráðstöfunar fjármunir vegna styrkja sem hafa verið lækkaði, felldir niður eða afþakkaðir af styrkþega. Skipting þeirra er þannig:

Til menningar- og samfélagsverkefna, 3.695.458 kr.

Til atvinnuþróunar og nýsköpunar, 5.225.665 kr.

Samtals eru því til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði fyrir árið 2026:

Til menningar- og samfélagsverkefna, 37.404.958 kr.

Til atvinnuþróunar og nýsköpunar, **38.935.165 kr.**

Heildarúthlutun hljóðar því upp á 76.340.123 kr.

Nokkrar umræður urðu um mögulega skiptingu milli menningar- og samfélagsverkefna annars vegar og hins vegar til stofn- og rekstrarstyrkja. Niðurstaðan er sú að fjárhæð til stofn- og rekstrarstyrkja verði 12.000.000 kr. og að til menningar- og samfélagsverkefna verði varið 25.404.958 kr.

2. Niðurstöður mats á umsóknum

Eftirfarandi greinar í úthlutunarreglum hafa áhrif á mat umsókna:

- 10. gr. Öll fylgigögn, þar með talið staðfestingar samstarfsaðila, skulu fylgja með umsókninni þegar henni er skilað. Eftir að umsóknarfrestur rennur út er ekki hægt að breyta eða bæta við umsókn. Ársreikningur síðasta árs skal fylgja umsókn um stofn- og rekstrarstyrk.
- 11. gr. ...Skila þarf inn staðfestingu samstarfsaðila með umsókn. Í umsóknarformi kemur jafnframt fram: Ef staðfesting á samstarfi fylgir ekki með í viðhengi verður umsóknin ekki tekin til umsagnar við úthlutunarferli.
- 16. gr. Mat á umsóknum: Allar umsóknir skulu metnar hlutlægt skv. matsblaði sem er fylgiskjal þessara reglna og birt er á heimasíðu SSNV.
 - a) Öllum umsóknum eru gefin stig á skalanum 1-10 þar sem lagt er mat á umsóknina skv. listrænu og/eða menningarlegu eða atvinnu og/eða nýsköpunargildi verkefnisins.
 - b) Ef umsókn fær undir 3 stigum fyrir einhvern af þremur fyrstu liðum matsblaðsins telst hún sjálfkrafa ófullnægjandi.
 - c) Við úthlutun styrkja þá er sú umsókn sem flest stig fær tekin fyrst til afgreiðslu og svo koll af kolli þar til; a) fjárveiting er uppurin b) ekki eru fleiri umsóknir til afgreiðslu.
 - d) Gengið skal út frá þeirri meginreglu að umsókn sem fær fullt hús stiga fái fullan styrk (50% af styrkhæfum heildarkostnaði verkefnis). Umsóknir sem ekki fá fullt hús stiga fái styrk í hlutfalli við stigamat. Sjá þó grein 17 b)

Byrjað var á að ræða umsóknir þar sem nefndarfólk var vanhæft.

Fyrst vék af fundi Katharina. Til umfjöllunar eru umsóknir 250177, 250102, 250141, 250153.

Næst vék af fundi Þórhildur. Til umfjöllunar eru umsóknir 250249, 250094, 250191.

Þá vék Bjarni af fundi. Til umfjöllunar er umsókn 250136.

Næst vék Hugrún af fundi. Til umfjöllunar er umsókn 250152.

Þá vék Hjörtur af fundi. Til umfjöllunar er umsókn 250254.

Jóhann vék af fundi. Til umfjöllunar er umsókn 250146.

Berglind vék af fundi. Til umfjöllunar er umsókn 250171.

Fyrir fundinum lágu niðurstöður mats tveggja lesara nefndarinnar um hverja umsókn. Nefndarfólk ræddi niðurstöðurnar ítarlega. Farið var yfir helming umsókna og áframhaldandi vinnu frestað til næsta fundar sem verður mánudaginn 8. 12. kl. 13.

3. Tillögur til stjórnar

Frestað til næsta fundar.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:20.

Berglind Björnsdóttir

Fundarritari

